



Endurreisn atvinnulífsins - samfélagsleg ábyrgð

Atvinnuástandið í landinu er mjög slæmt og á að öllu óbreyttu eftir að versna enn á næstu misserum. Alþýðusambandið kallar því eftir bráðaáðgerðum sem tekur með skjótum hætti á stærsta vandanum – en sem jafnframt geta lagt grunn að öflugum hagvexti til lengri tíma. Einkum hlýtur að vera horft til mannaflsfrekra framkvæmda sem hægt er að hrinda af stað með litlum fyrirvara, s.s. á sviði mannvirkjagerðar. Mikilvægt er að bráðaáðgerðirnar falli vel að heildstæðri stefnu um uppbyggingu samkeppnishæfs og sjálfbærs þekkingarsamfélags þar sem hagsmunir unga fólksins og framtíðarinnar eru settir í öndvegi. Mikilvægt er að endurreisnin byggi á uppgjöri við fortíðina þar sem lögð er áhersla á samfélagslega ábyrgð. ASÍ hefur þegar haft frumkvæði að stofnun samráðshóps um samfélagslega ábyrgð við endurreisn atvinnulífsins sem starfar undir forystu viðskiptaráðuneytisins með þátttöku hagsmunaaðila víðsvegar úr samfélaginu.

Staðan

Atvinnuástandið versnaði hratt eftir hrun bankakerfisins sl. haust og hefur atvinnuleysi aldrei mælst hærra hér á landi. Nú á haustmánuðum var skráð atvinnuleysi um 8% en á sama tíma í fyrra mældist það ríflega 1%. Framan af síðasta vetri var staðan verst í byggingariðnaði en atvinnuleysi jókst í öðrum greinum s.s. verslun- og þjónustu þegar líða tók á. Atvinnuleysi hefur frá því sl. haust verið nokkuð meira meðal karla en kvenna en dregið hefur saman með kynjunum á síðustu mánuðum. Atvinnuleysi meðal karla er langmest í hópi þeirra sem aðeins hafa grunnskólamenntun, um helmingur atvinnulausra karla er í þessum hópi. Atvinnulausar konur eru hins vegar flestar með háskóla- eða sérskólamenntun (um 20%) eða stúdentspróf (17%). Hlutfallslega hefur atvinnuleysi verið meira í yngri aldurshópunum, tæplega helmingur atvinnulausra er yngri en 35 ára og um fimmtungur er undir 25 ára. Á síðustu mánuðum hefur langtímaatvinnuleysi aukist hratt og höfðu ríflega helmingur þeirra sem skráðir voru atvinnulausir í ágúst verið án atvinnu í 6 mánuði eða lengur. Horfur eru á að atvinnuástandið versni enn um sinn og að atvinnuleysi nái hámarki á vetrarmánuðum, geti þá orðið allt að 10%.

Viðbrögð ASÍ

Frá því kreppan reið yfir hefur Alþýðusambandið lagt fram fjölda tillagna um nauðsynlegar aðgerðir í atvinnumálum.

- Á ársfundi ASÍ 2008 var þessum tillögum skipt upp í bráðaaðgerðir og „uppbyggingu til framtíðar“. Bráðaaðgerðirnar gengu m.a. út á að tryggja aðgengi að fjármagni, laða lífeyrissjóði að endurreisnarstarfinu og hraða undirbúningi framkvæmda. Tillögurnar um uppbyggingu til framtíðar miðuðu að auknum stuðningi við rannsóknir, tækniþróun, menntun, nýsköpun og sprotafyrirtæki. Kallað var eftir því að ríkisstjórnin gætti vel hagsmuna Íslands í loftslagssamningunum og setti fram skýra stefnu um stuðning við áform um virkjanir og orkunýtingu. Settar voru fram kröfur um að fram fari uppgjör á hvað fór úrskeiðis hér á landi í hrúninu og lögð áhersla á að ungt fólk og framtíð þess verði sett í öndvegi í enduruppbyggingunni.
- Á aukaársfundinum 2009 var m.a. lögð áhersla á að greina hvaða áhrif aðild að ESB hefði á íslenskt atvinnulíf, efnahagslegan stöðugleika, landbúnað og sjávarútveg. Í framhaldinu voru settar fram tillögur um samningsmarkmið gagnvart ESB í hugsanlegum aðildarviðræðum við sambandið.
- Í stöðugleikasáttmálanum 25. júní milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda voru taldar upp ýmsar framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu. Þar kom m.a. fram að ríkisstjórnin myndi greiða götu þegar ákveðinna stórfamkvæmda, s.s. vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Ennfremur að undirbúningsvinnu verði hraðað vegna áforma er tengjast fjárfestingum í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Þá var talað um að ríkisstjórnin muni ganga til samstarfs við lífeyrissjóði um margvíslegar fjárfestingar.

Bráðaaðgerðir

Sumar tillögur ASÍ er snúa að bráðaaðgerðum í atvinnumálum hafa þegar komið til framkvæmda. Á hinn bóginn blasir við að atvinnuástandið í landinu er orðið mjög slæmt og horfur á að það muni enn versna á komandi vetri. Það er því ljóst að frekari aðgerða er þörf.

Leggja þarf áherslu á að hraða undirbúningi framkvæmda og flýta mannaflsfrekum viðhaldsframkvæmdum á vegum ríkis og sveitarfélaga, en fresta verkefnum sem eru með minna vægi mannafla. Til að tryggja atvinnu er mikilvægt, þar sem því verður við komið, að haga umfangi framkvæmda þannig, að ekki komi til útboða á evrópska efnahagssvæðinu. Einnig þarf að leggja áherslu á verkefni sem ekki þurfa að fara í umhverfismat eða tímafreka skipulagsvinnu.

Listinn hér að neðan um mögulegar bráðaáðgerðir er ekki tæmandi og fyrst og fremst settur fram til að koma af stað umræðu um raunhæfar áðgerðir:

- Aðgangur að fjármagni:
 - Tryggja aðgengi að fjármagni í fjárfestingar í hagkerfinu þannig að hægt verði að þróa ný störf, tækni og sjálfbæra þróun.
 - Skapa forsendur fyrir aðkomu lífeyrissjóðanna að endurreisn atvinnulífsins, þar sem hugað verði að nauðsynlegri áhættudreifingu og –stýringu. Mikilvægt kann að vera að breyta ákvæðum um fjárfestingar lífeyrissjóðanna, bæði í lögum og í samþykktum sjóðanna.
 - Breyttar forsendur í áhættumati í eignastýringu lífeyrissjóðanna kalla á nýja nálgun í fjárfestingum þeirra. Gera þarf lífeyrissjóðum kleift að fjárfesta í fasteignum eða fasteignafélögum, t.d. eignum sem leigðar eru einstaklingum og fyrirtækjum eða sveitarfélögum og ríkinu.
- Grunnstoðirnar:
 - Vegagerð skv. núgildandi vegaáætlun, fjárfestingar skv. áætlun Framkvæmdasýslu og Reykjavíkurborgar, Hvalfjarðargöng, Vaðlaheiðagöng, Suðurlandsvegur (I. og II. áfangi), Sundabraut (I. og II. áfangi), tvöföldun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi, samgöngumiðstöð, nettengingar við útlönd um sæstreng, hátækisjúkrahús, Háskólinn í Reykjavík, Tónlistarhús við Austurhöfn.
- Virkjanir:
 - Búðahálsvirkjun, Orkuver HS/OR vegna Helguvíkur, Orkuver tengd Bakka.
 - Til athugunar: Lista þarf upp virkjunarkosti sem þegar hefur verið gefið leyfi fyrir svo og þá kosti sem hægt væri að gefa leyfi fyrir burtséð frá niðurstöðu rammaáætlunar um nýtingu fallvatna og háhitasvæða. Í hverju tilviki fyrir sig þyrfti að koma fram mögulegur framkvæmdatími, umfang fjárfestingar, störf á framkvæmdatíma, framleiðslugeta o.s.frv.).
- Stóriðja:
 - Endurbygging í Straumsvík, Álver í Helguvík, Bakki.
 - Til athugunar: Lista þarf upp alla þá þætti sem gætu verið að hindra stóriðjuframkvæmdir ... Eru vandamál við fjármögnun? Eru fyrirhugaðar málmbreðslur of orkufrekar? Er orkan ekki til eða er hún óörugg? Er stjórnsýslan of þunglamaleg? Munu auðlindagjöld og umhverfisskattar þurrka út ávinninginn af fjárfestingunni?
- Milli-orkufrekur iðnaður:

- Gagnaver Verne Holding, gagnaver á Norðurlandi og Suðurlandi, BPI sólar kísill, Tomhawk, koltrefjaverksmiðja á NV-landi, pappírsverksmiðja.
- Til athugunar: Jarðvarmavirkjanir eru oft smærri í sniðum en vatnsaflsvirkjanir og geta hentað betur milli-orkufrekum iðnaði en orkufrekum. Hefur milli-orkufrekar iðnaður e.t.v. staðið í skugganum af áformum um uppbyggingu orkufreks iðnaðar? Gera þyrfti athugun á hvaða milli-orkufrekar iðnaður gæti haft áhuga á að fjárfesta hér á landi (gagnaver, hátæknigreinar, vísindagardar o.s.frv.).
- Annað:
 - Farið verði í átak til að auka neyslu á íslenskri framleiðslu til að efla innlent atvinnulíf og spara dýrmætan gjaldeyri.
 - Við núverandi aðstæður í efnahagslífinu kann að vera nauðsynlegt að víkja tímabundið til hliðar samkeppnisreglum til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu í atvinnulífinu í því skyni að skapa sterkari fyrirtæki. Slíkt verður þó að gera af mikilli varfærni og gæta að langtímahagsmunum neytenda og ekki síður fyrirtækja, því að fákeppni og einokun hefta möguleika nýrra fyrirtækja til að hasla sér völl á markaði. Þess vegna er mikilvægt að styrkja Samkeppniseftirlitið og gera því betur kleift að sinna hlutverki sínu við þær erfiðu aðstæður sem eru í efnahagslífinu.

Framtíðin

Þrátt fyrir að gripið sé til markvissara bráðaáðgerða í atvinnumálum til að sporna gegn vaxandi atvinnuleysi þá er einnig brýnt að vinna að heildstæðri langtímaáætlun um enduruppbyggingu atvinnulífsins. Í þeirri vinnu verður að stefna áfram að uppbyggingu samkeppnishæfs og sjálfbærs þekkingarsamfélags þar sem hagsmunir unga fólksins eru settir í öndvegi. Til að þetta megi takast er brýnt að styrkja nokkrar meginstoðir samfélagsins:

- Rannsóknir og tækniþróun:
 - Hagvöxtur hér á landi mun í auknum mæli hvíla á öflugum vísinda- og rannsóknastarfi, tækniþróun og menntun.
 - Laða þarf fram meira samstarf þvert á fræða- og fagsvið svo og yfir landamæri.
 - Horfa þarf meira til skapandi greina, s.s. á sviði lista, hönnunar og margmiðlunar.

- Styðja þarf við frekari uppbyggingu og rannsóknastarf háskóla og tengja þá betur við tækniþróun í atvinnulífinu.
- Menntun:
 - Það er ekki nóg að efla háskólamenntun heldur þarf að tryggja hátt menntunarstig á breiðum grunni.
 - Mikilvægt er að stjórnvöld ásamt aðilum vinnumarkaðarins skipuleggi virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunarræði sem nýtast launafólki með litla formlega menntun.
 - Auka þarf fjárframlög til frumgreinadeilda til að mæta aukinni aðsókn og stuðla þarf að frekari framþróun starfsmenntunar.
- Sprotafyrirtæki/nýsköpun:
 - Auka þarf stuðning við nýsköpun með auknum framlögum til Tækniþróunarsjóðs.
 - Búa þarf sprotafyrirtækjum stöðugt starfsumhverfi.
 - Annað sem til greina kemur: Stofnun nýrra frumkvöðlasetra, halda opnun möguleikum sprotafyrirtækja á að ráða til sín starfsmenn af atvinnuleysissskrá án þess að bætur skerðist, hækkun endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar, fjölgun þeirra sem njóta listamannalauna, lagfæringar á skattaumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja.
- Grænt hagkerfi/loftslagsmál:
 - Vinna skal á grundvelli sameiginlegra markmiða samtaka norrænna stéttarfélaganna (NFS) í loftslagsmálum.
 - Ríkisstjórnin þarf að gefa út skýr skilaboð um að barist verði fyrir hagsmunum Íslands í loftslagssamningunum. Sérstaklega þarf að tryggja að íslenska ákvæðið gildi áfram. Ennfremur þarf að styðja dyggilega við geiranálgun.
 - Styðja verður með öflugum hætti við rannsóknir á sviði jarðhita.
 - Ríkisstjórnin þarf að koma fram með skýra stefnu um stuðning við áform um virkjanir og orkunýtingu. Opinberar stofnanir sem fjalla um þessi mál þurfa að fá skýr skilaboð um vilja ríkisstjórnarinnar. Gæta verður þess við val á virkjunaráformum að ekki verði slakað á kröfum um verndun náttúru Íslands.
 - Mikilvægt er að endurskoða reglur, verkferla og vinnubrögð vegna umhverfismats, þar sem lögð verði áhersla á að byggja upp meiri sérfræðipekkingu hjá Umhverfisstofnun og ákveðnari tímafresti á málsmeðferð.

- Vinna verður að ímynd Íslands um hreinleika og hollustu sjávarafurða og annarra matvæla.
- Unga fólkid og framtíðin:
 - Við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu er afar mikilvægt að skapa ungu fólk trúverðug tækifæri í samræmi við menntun þeirra og framtíðarsýn sem eykur tiltrú þeirra og vilja til áframhaldandi búsetu á Íslandi. Að öðrum kosti gæti þjóðin misst ungt fólk úr landi.
- Samfélagsleg ábyrgð:
 - Fram fari vandað og fordómalaust uppgjör á því hvers vegna þjóðin er komin í þá erfiðu stöðu sem hún er í. Gera þarf upp allar hliðar þessa máls. Hlutverk fjármálastofnana, ríkisstjórna, Seðlabankans og allra annarra megingerenda í atburðarásinni. Fengnir verði óháðir sérfræðingar í þetta verkefni, bæði innlendir og erlendir.
 - Mikilvægt er að settar verði skýrari reglur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra, þar sem áhersla verði lögð á siðferði og ábyrgð.
 - Koma á siðbót í viðskiptalífinu
 - Skýra ábyrgð og skyldur í viðskiptalífinu og styrkja eftirlitsstofnanir samfélagsins
 - Auka verður eftirlit með fjármálakerfinu með tilliti til heimilda til skuldsetningar með því að herða kröfur um hlutfall handfastra eigna á móti skuldum.
 - Herða þarf regluverk banka og fjármálafyrirtækja gagnvart ráðgjöf til einstaklinga, auka eftirlit og heimildir eftirlitsaðila.
 - Með auknu skattfé í fjármálakerfið verða að fylgja opinber áhrif og stjórnun þannig að hægt verði að auka siðgæði og breyta markvisst hegðun stjórnenda.
 - Setja verður alþjóðlegar reglur um aðhald að fjármálastarfsemi í ljósi þess hversu hnattvæddur fjármálageirinn er.
 - Fylgt verði eftir vinnu við að setja siðareglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna og fyrirmyndarreglur um almenna starfsemi sjóðanna, þ.m.t. launa- og starfskjarastefnu. Niðurstöður fáist úr skoðun Fjármálaeftirlitið á störfum sjóðanna.